

**Mál nr. 48/2016**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysafélagið P**

**Lyftara ekið á sjómann á bryggju þegar hann var á leið um borð í fiskiskip þ. 8.10.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.15.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 8.3.2016

**Málsatvik.**

M segist hafa verið á leið um borð í fiskiskip í eigu P, sem hann var lögskráður á og varð M fyrir töluverðum meiðslum. M gerir kröfu um bætur úr slysafélaginu P hjá V og vísar til greinar 2.2. í vátryggingaskilmálum tryggingarinnar og telur að slysið hafi orðið í beinum tengslum við rekstur skipsins. Einnig vísar M til 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 í þessu sambandi og vísar til sambærilegs ákvæðis í eldri siglingalögum og kjarasamninga sjómanna. V hafnar bótaskyldu úr slysafélaginu P og segir að M hafi í umrætt sinn verið á leið til vinnu og ljóst að M hafi ekki verið staddur um borð í skipi og þá hafi hann ekki verið að störfum í beinum tengslum við rekstur skipsins þegar slysið varð eins og orðalag vátryggingarskilmála gerir ráð fyrir. V byggir á því að slysafélaginu P taki ekki til slysa sem sjómaður verði fyrir á beinni leið til vinnu. V bendir á að þó félagið hafni bótum úr slysafélaginu P þá kunnist tjónið engu að síður að vera bótaskyld úr ábyrgðartryggingu eiganda lyftarans sem um ræðir.

**Álit.**

Í vátryggingaskilmálum slysafélaginu P hjá V er gildissvið vátryggingarinnar skilgreint með þeim hætti að vátryggingin bæti slys sem verði í skipi eða í beinum tengslum við rekstur skips, sbr. gr. 2.2. Í umræddum skilmálum er hvergi vikið að því að áhafnartrygging taki til ferða áhafnar til eða frá vinnu. Gildissviðið er því afmarkað við tilvik þegar sjómaður er staddur um borð í skipi eða þegar hann er að vinna í beinum tengslum við rekstur þess. M ber sönnunarbyrði um að háttsemi hafi verið með þeim hætti þegar hann slasaðist, en ekki er hægt að túlka þetta ákvæði það rúmt, að það taki fyrirvaralaust til ferða áhafnar meðlima til eða frá skipi. Í gögnum málsins kemur ekki fram viðhlítandi skýring á ferðum M eða sönnun á því að hann hafi verið við vinnu í tengslum við rekstur skipsins. M á því ekki rétt á bótum úr slysafélaginu P hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysafélaginu P hjá V.

Reykjavík 26.4.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.